

FUNDARGERÐ FRÆDSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

172. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra miðvikudaginn 4. maí 2016 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Mætt á fundinn Magnús Magnússon formaður, G. Kristín Ólafsdóttir varaformaður, Valdimar Gunnlaugsson aðalmaður, Ingibjörg Auðunsdóttir aðalmaður og Þorsteinn J. Guðmundsson varamaður.

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri

Fundaritari:

Guðný Hrund Karlsdóttir

Dagskrá:

1. Guðrún Lára Magnúsdóttir skólastjóri leikskólans mætir á fundinn.
2. Kynnt drög að svarbréfi til deildarstjóra Glerárskóla v/fyrirspurnar varðandi skólabúðir á Reykjum.
3. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Formaður býður Guðrúnu Láru velkominn á fundinn. Einnig komu á fundinn undir þessum lið Guðmundur Hólmar Jónsson fulltrúi foreldra og Sigríður Elva Ársælsdóttir fulltrúi starfsmanna. Guðrún Lára kynnir niðurstöðu foreldrakönnunar Leikskólapúlsins 2015-2016. Þátttaka í könnuninni var 91,2% og kom hún vel út, almennt er mikil ánægja með leikskólann, sérstaklega félagsleg samskipti barnanna. Aðrir liðir könnunarinnar sýna lítil frávik miðað við sambærilega skóla nema í jákvæða átt. Fræðsluráð gleðst yfir góðri niðurstöðu könnunarinnar. Formaður þakkar Guðrúnu Láru fyrir góða yfirferð og komuna á fundinn.
2. Formaður kynnir drög að svarbréfi til deildarstjóra Glerárskóla v/fyrirspurnar varðandi Skólabúðir að Reykjum. Fræðsluráð samþykkir drögin og felur formanni að svara bréfinu formlega.
3. Önnur mál.
Engin önnur mál.

Ekki fleira tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið 17:00

Magnús Magnússon

G. Kristín Ólafsdóttir

Valdimar Gunnlaugsson

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

Þorsteinn J. Guðmundsson

Guðný Hrund Karlsdóttir